

## TILSKIPUN RÁÐSINS 97/79/EB

frá 18. desember 1997

um breytingu á tilskipunum 71/118/EBE, 72/462/EBE, 85/73/EBE, 91/67/EBE, 91/492/EBE, 91/493/EBE, 92/45/EBE og 92/118/EBE hvað varðar skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til glöggvunar og hagræðingar hefur tilskipun ráðsins 90/675/EBE um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(4)</sup> verið felld úr gildi og tilskipun 97/78/EB <sup>(5)</sup> tekin upp í hennar stað.

Gildistaka tilskipunar 97/78/EB í stað tilskipunar 90/675/EBE hefur áhrif á núgildandi texta í eftirtöldum tilskipunum ráðsins:

- tilskipun 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt <sup>(6)</sup>,
- tilskipun 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum, sauðfé, geitum, svínunum, nýju kjöti eða kjötafurðum frá þriðju löndum <sup>(7)</sup>,
- tilskipun 85/73/EBE frá 29. janúar 1985 um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti sem

fellur undir tilskipanir 89/662/EBE, 90/425/EBE, 90/675/EBE og 91/496/EBE (eins og þeim hefur verið breytt og þær felldar saman við aðrar tilskipanir) <sup>(8)</sup>,

— tilskipun 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(9)</sup>,

— tilskipun 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðis-skilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) <sup>(10)</sup>,

— tilskipun 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða <sup>(11)</sup>,

— tilskipun 92/45/EBE frá 16. júní 1992 um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápi villtra veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar <sup>(12)</sup>,

— tilskipun 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um <sup>(13)</sup>.

Þar af leiðandi ber að laga þessar tilskipanir að tilskipun 97/78/EB.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB C 258, 23.8.1997, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB C 85, 17.3.1997, bls. 76.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB C 66, 3.3.1997, bls. 43.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 373, 31.12.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB (Stjtuð. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB L 55, 8.3.1971, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/23/EB (Stjtuð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

<sup>(7)</sup> Stjtuð. EB L 302, 31.12.1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/91/EB (Stjtuð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 27).

<sup>(8)</sup> Stjtuð. EB L 32, 5.2.1985, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB (Stjtuð. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Stjtuð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/22/EB (Stjtuð. EB L 243, 11.10.1995, bls. 1).

<sup>(10)</sup> Stjtuð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/61/EB (Stjtuð. EB L 295, 29.10.1997, bls. 35).

<sup>(11)</sup> Stjtuð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/23/EB (Stjtuð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

<sup>(12)</sup> Stjtuð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/23/EB (Stjtuð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

<sup>(13)</sup> Stjtuð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/90/EB (Stjtuð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 24).

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Tilskipun 71/118/EBE er breytt sem hér segir:
  - a) annar málslíður a-liðar 2. mgr. 14. gr. b falli niður;
  - b) önnur undirgrein 17. gr. falli niður.
2. Tilskipun 72/462/EBE er breytt sem hér segir:
  - a) í 31. gr. a komi „18. gr. tilskipunar 97/78/EB“ í stað „17. gr. tilskipunar 90/675/EB“;
  - b) ákvæði 31. gr. falli niður.
3. í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 85/73/EB kemur „23. gr. tilskipunar 98/78/EB“ í stað „20. gr. tilskipunar 90/675/EB“.
4. Tilskipun 91/67/EBE er breytt sem hér segir:
  - a) í stað 23. gr. komi eftirfarandi:  
 „23. gr.  
 Nota skal þær meginreglur og almennu reglur sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/496/EBE og 97/78/EB, einkum með tilliti til skipulagningar og framhaldseftirlits aðildarríkjanna og þeirra öryggisráðstafana sem ber að gera.“;
  - b) ákvæði 24. gr. falli niður.
5. Önnur undirgrein 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/492/EBE fellur niður.
6. Tilskipun 91/493/EBE er breytt sem hér segir:
  - a) í stað „3. mgr. 18. gr. tilskipunar 90/675/EBE“ í annarri undirgrein 10. gr. komi „2. mgr. 19. gr. tilskipunar 97/78/EB“;
  - b) ákvæði 2. mgr. 12. gr. falli niður.
7. Tilskipun 92/45/EBE er breytt sem hér segir:

- a) ákvæði 2. mgr. 17. gr. falli niður;
- b) önnur málsgrein 19. gr. falli niður.

## 8. Tilskipun 92/118/EBE er breytt sem hér segir:

- a) í stað „2. mgr. 8. gr. í tilskipun 90/675/EBE“ í annarri undirgrein 1. mgr. 12. gr. komi „b-lið 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/78/EB“;
- b) ákvæði 2. mgr. 12. gr. falli niður.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Ákvæðin skulu gilda frá 1. júlí 1999.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1997.

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. BODEN

*forseti.*